



Lúxemborg, 25. mars 2021

FRÉTTATILKYNNING 04/2021

Dómur í máli E-4/20 *Haugland o.fl. gegn norska ríkinu*

VIÐURKENNING Á FAGLEGRI MENNTUN OG HÆFI - SÁLFRÆÐINGUR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningum sem bárust frá Áfrýjunardómstóli Borgarþings (*Borgarting lagmannsrett*) varðandi túlkun á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi („tilskipunin“). Haugland o.fl. hafa meistaraþráður í sálfræði frá Ungverjalandi. Síðan 2016 hefur umsóknum um leyfi til þess að starfa sem sálfræðingur í Noregi frá umsækjendum með ungverska meistaraþráðu verið hafnað. Málið fyrir landsdómstólnum varðar hóp málsókn sem Haugland o.fl. hafa höfðað gegn norska ríkinu, þar sem krafist er að ákvarðanir þær sem hafnað hafa umsóknum þeirra verði ógiltar og þeim dæmdar skaðabætur.

Landsdómstóllinn sóttist eftir skýringu á þeim atriðum sem viðkomandi eru mati á því hvort tvær starfsgreinar séu „sama starfsgreinin“ í skilningi tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn taldi að til þess að starfsgreinar geti verið taldar þær sömu, verði starfsemin sem þær taka til að vera sambærileg. Taka verði tillit til alls viðkomandi munar í umfangi og eðli þeirrar starfsemi. Ef starfsemin er sambærileg, verða starfsgreinarnar taldar þær sömu í skilningi tilskipunarinnar. Það að lögð sé stund á ákveðna starfsemi tímabundið, sem hluti af námi og bundið því skilyrði að viðkomandi skuldbindi sig til frekara náms, er ekki hægt að telja stundun starfsgreinar. Munur á sjálfstæði og ábyrgð fyrir sjúklingum getur verið viðkomandi því að ákvarða nákvæmt umfang eða eðli starfsemi við mat á því hvort tvær starfsgreinar séu „sama starfsgrein“:

Þá taldi EFTA-dómstóllinn að möguleikinn á því að krefjast uppbótarráðstafana samkvæmt 14. gr. tilskipunarinnar geti ekki haft áhrif á túlkun á „sömu starfsgrein“.

Jafnframt taldi EFTA-dómstóllinn að orðalagið „sérstaklega sniðin að því að leggja stund á tiltekna starfsgrein“ í e-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar verði að túlka sem svo að það nái yfir nám sem er sérstaklega hannað til þess að undirbúa nema fyrir það að leggja stund á ákveðna starfsgrein. Það nái ekki yfir menntun sem gefi aðgang að fjölda starfsgreina, eða staðfesti eingöngu, t.d., fræðilegt hæfi á ákveðnu sviði.

Að lokum taldi EFTA-dómstóllinn að umsækjendur sem uppfylltu ekki skilyrði fyrir viðurkenningu samkvæmt tilskipuninni gætu byggt rétt sinn á 28. og 31. gr. EES. Gistiríkið verði að bera saman öll prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og viðkomandi starfsreynslu umsækjandans við eigin kröfur til þess að starfa í starfsgreininni sem um ræðir. Ef þekking, menntun og hæfi og starfsreynsla umsækjandans eru ekki samsvarandi, eða samsvara eingöngu að hluta til við kröfurnar, verður gistiríkið að taka fram hvaða nám skortir til þess að greiða fyrir skilvirka nýtingu grundvallarréttindana sem tryggð eru með EES-samningnum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.